

## Tillögur að lagabreytingum:

Lið B, 2. verði breytt. Þannig að reikningsárið sé ekki okt til okt hver ár heldur almanaksárið. Ástæða er tæknilegir örðugleikar við að hafa þetta svona, þ.e. bókhaldsforritið gefur litla möguleika á þessu og þetta hefur í för með sér mikla vinnu og vesen.

### B. Stjórn

#### 1. Málefnum félags stjórnna:

A. Aðalfundur

B. Stjórn

#### 2. Reikningsár er **almanaksárið**. Starfsár félagsins er frá okt til okt ár hvert.

Bæta við tl. 6 í grein C. Þ.e. þegar endanlegir reikningar liggja fyrir þegar reikningsárinu er lokið þá verði haldinn aukaaðalfundur sem hefur þetta eina markmið þ.e. ræða fjárhagsmálin og skipula. Oft falla reikningsmálin í skuggan af starfsmálum á aðalfundi og væri ástæða til að halda fund sem einungis einbeitir sér að tölum og reikningum og engu öðru. Félagsmenn geta þá séð nákvæmlega hvernig sú staða er og hvernig næsta starfsárið verður skipulagt.

### C. Aukaaðalfundur.

1. Aukaaðalfundur. Stjórnin getur boðað til aukaaðalfundar hvenær sem er og slíkan fund ber að boða þegar a.m.k. helmingur fullgildra félagsmanna sendir stjórninni skrifleg tilmæli þar að lútandi.
2. Þegar slík tilmæli berast, á að halda aðalfund eigi síðar en mánuði eftir að þau hafa borist stjórninni í hendur, ásamt upplýsingum um efni það, sem óskað er eftir að rætt verði.
3. Fundurinn skal boðaður með a.m.k. einnar viku fyrirvara. Fundi skal boða með auglýsingu á áberandi stað. Í auglýsingu skal dagskrá fundar koma fram.
4. Rétt til setu á aukaaðalfundi hafa sömu aðilar og höfðu rétt til setu á aðalfundi.
5. Á aukafundi má ekki gera lagabreytingar og aðeins kjósa bráðabirgðastjórn.
6. **Alltaf skal halda aukaaðalfund í janúar um reikninga félagsins. Eina umfjöllunarefni þess fundar eru reikningar þess og fjárhagsleg afkoma og fjárhagsleg skipulagning næsta reikningsárs.**

